

BADMINTONSAMBAND ÍSLANDS

BADMINTON ASSOCIATION OF ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík



Sími: 514 4045 bsi@badminton.is, www.badminton.is

MÓTAHALD

Tilmæli BSÍ til mótsstjórna

1. Mótsboð skal berast BSÍ og öllum aðildarfélögum þess eigi síðar en þrem vikum fyrir mót. BSÍ sendir einnig mótsboðið út til aðildarfélaganna .
 - a. Mótsboð skal innihalda upplýsingar um :
keppnisstað, tímasetningar, keppnisfyrirkomulag, síðasta skráningardag, þátttökugjöld og tengilið (netfang og síma) sem veitir upplýsingar um mótið.
2. Mótsstjórn á að sjá um að mótsboð séu rétt gerð, yfirfara skráningu, sjá um að draga í mótið í samræmi við gildandi reglur og gefa út mótaskrá. Draga á í mótið ef unnt er a.m.k fimm dögum áður en mótið hefst. Mótsstjórn á að senda félögum sem eiga keppendur í mótinu, svo og BSÍ, uppkast af mótaskránni þegar dregið hefur verið í mótið. Viðkomandi aðilar eiga þá kost á að gera athugasemdir áður en mótið er birt á netinu.
3. Við skráningar í mót þurfa mótshaldara að gæta þess að allar skráningar séu réttar og þurfa allar skráningar að fara í gegnum aðildarfélag leikmanna. Til dæmis er ekki nóg að leikmaður úr félagi X skrái sig hjá sínu félagi og þar komi fram að hann spili með ákveðnum leikmanni úr félagi Y, heldur þarf líka að koma fram í skráningu félags Y að eftirfarandi leikmaður sé skráður frá þeim og með þessum leikmanni úr félagi X.
4. Fara skal eftir mótareglum BSÍ og notast við nýjasta styrkleikalista BSÍ við röðun og drátt í mótið. Styrkleikalistann má finna á heimasíðu BSÍ.
 - a. Raða má að hámarki tveimur þegar keppendur eru 2-15, fjórum þegar keppendur eru 16-31, átta þegar keppendur eru 32-63 og 16 þegar keppendur eru 64 eða fleiri.
5. Mótaskrá á að gefa út eigi síðar en þremur sólarhringum áður en mót hefst. Birta á tímasetningar leikja a.m.k tveimur sólarhringum áður en mót hefst.
6. Úrslit leikja á að uppfæra reglulega á www.tournamentsoftware.com og skulu þau birt svo fljótt sem unnt er.

Atriði sem þarf að huga að fyrir öll mót

- Tryggja með góðum fyrirvara að húsið sé klárt og öll umgjörð í kringum mótið.
- Hvenær er hægt að fá húsið til að byrja að stilla upp?
- Gisting? (ef þarf)
- Styrktaraðilar?
- Manna mótsstjórn (amk 3: Mótsstjóri/kynnir, tp-file og kúlur).
- Skipa mótsstjóra
- Skipa yfirdómarar (ef enginn yfirdómari þá er mótsstjóri einnig yfirdómari)
- Hugsa að rafrænni stigatalningu (ipads?, tv?) og/eða flettisþjöldum.
- Hugsa að streaming, frá einum eða fleiri völlum.
- Fá dómara+teljara til starfa á mótinu – gera með góðum fyrirvara.
- Eru einhverjar sér reglur vegna t.d Covid-19 sem þarf að taka tillit til
- Vera með nóg af kúlum (ef hægt, 2 hraða)
- Veitingasala?
- Teljara/dómara seðlar (prenta út daginn f. mót, eins langt og hægt er)
- Auglýsingar um mótið
 - o Nota samfélagsmiðla til að auglýsa mótið
- Myndataka á meðan móti stendur – myndavél/sími
- Myndataka af verðlaunahöfum – birta á heimasíðu mótshaldara + senda BSÍ.
- Mótaskrá? (allt orðið rafrænt)
- Mælistika fyrir hæð neta
- Dómarasþjöld með klemmum
- Setning og mótsslit (mótsstjóri? – formaður félags mótshaldara?)
- Tölvumál og prentari, fjöltengi – aðrar snúrur.
- Skriffæri, pappír, skæri, límband + kennaratyggjó
- Handklæði eða moppur
- Körfur undir kúlur
- Fánar?
- Verðlaun – panta með góðum fyrirvara
- Passa dómarastólar á milli valla?
- Eftir mót; greiðslur til starfsfólks s.s. bíómiðar eða inneign til teljara
- Fylla út eyðublað um gagnaöflun fyrir mótshaldara og BSÍ